

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

Lög um bæjarstjórn í Keflavík, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1949, nr. 17.

Lög um kyrrsetningu og lögbann, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

Lög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzini og smurningsolíu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 21.

Lög um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. marz 1949, nr. 23.

Bréf menntamálaráðuneytisins til stjórnar STEFS (Sambands 43 tónskálda og eigenda flutningsréttar), um löggilding reglugerðar um 2. febr. flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

Með tilvísun til umsóknar STEFS, dags. 1. þ. m., um að STEFI verði veitt löggilding samkv. 1. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1949, um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, sbr. l. nr. 49/1943, tekur ráðuneytið fram, að það veitir STEFI (Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar) hér með löggildingu samkv. téðri reglugerð að því er snertir flutningsrétt á tónsmíðum.

Löggildingin er veitt með eftirfarandi skilyrðum:

1. Starfsemi STEFS skal hagað í samræmi við samþykktir STEFS, er staðfestar séu af menntamálaráðuneytinu og samkvæmt úthlutunarreglum, er einnig séu staðfestar af ráðuneytinu, enda ber STEF fulla ábyrgð á því, að þeim reglum sé fylgt.
2. Reikningar STEFS, gagnrýndir af löggiltum endurskoðanda, skulu afhentir ráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.
3. Menntamálaráðuneytið getur hvenær sem er afturkallað löggildingu þessa, ef vanræksla eða vanefnd á ofangreindum skilyrðum hefur að þess áliti átt sér stað, eða ef grundvöllur fyrir löggildingu er ekki lengur fyrir hendi að dómi ráðuneytisins.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

44

21. marz

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á m²

13